



13.05.2015

Til sveitarfélaga

Á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur um nokkurt skeið verið starfandi vinnuhópur sem hafði það að markmiði að draga saman yfirlit um skilvirkt vinnuferli við undirbúning fjárhagsáætlana sveitarfélaga, ákvarðanatökuferlið sjálft og eftirlit með framkvæmd þess. Verkefnið hefur gengið undir vinnuheitinu „Best practice“ eða „Gott fordæmi“. Í starfi hópsins var bæði tekið mið af því vinnulagi sem góð reynsla var af hérlandis svo og var sótt í reynslubanka sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum um sama efni. Hópurinn hefur nú skilað af sér skýrslu um verkefnið sem er birt á vef sambandsins. Ef hún verður hvati til umræðu meðal sveitarfélaganna um verklag og áherslur í þessum efnum þá er það vel. Það liggur hins vegar fyrir að aldrei verður endanlega lokið útfærslu á hvernig skuli standa að undirbúningi og framkvæmd fjárhagsáætlana. Áherslur breytast með tímanum eins og gengur. Því er nauðsynlegt að yfirfara svo mikilvægt vinnuferli eins og hér um ræðir á kerfisbundinn hátt með jöfnu millibili til að draga saman yfirlit um það vinnulag sem skilvirkast þykir hverju sinni.

Skýrsluna er unnt að nálgast á vef sambandsins:

<http://www.samband.is/verkefnin/fjarmal-sveitarfelaga/frettir---fjarmal/nr/2391>

Ingibjörg Hinriksdóttir

tækni- og upplýsingafulltrúi

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026